

Mál nr. 47/2010

M

og

vátryggingafélagið V vegna slysátryggingar og slysalíð fjölskyldutryggingar.

Slys 15. mars 2005 – tímasetning örorkumats.

Gögn.

- 1) Málskot mótttekið 12. febrúar 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags V til nefndarinnar, dags. 15. mars 2010

Málsatvik.

Í málinu er deilt um greiðsluskyldu V vegna slyss vegna skilmálaákvæðis í slysátryggingunum sem kveður á um að örorka skuli metin í síðasta lagi þremur árum frá slysdegi. M slasaðist þegar hestur stökk yfir hann þann 15. mars 2005. Þann 15. september 2006 fór fram uppgjör úr slysátryggingum M hjá V á grundvelli matsgerðar sem lá fyrir nokkrum dögum áður. M tók við bótagreiðslum með fyrirvara um frekari rétt til bóta. M virðist ekki hafa haft samband við V fyrr en tæpum þremur árum seinna eða í febrúar 2009. Þá voru tæp fjögur ár liðin frá slysinu.

M heldur því fram að með vátryggingaskilmálum V hafi verið vísað til þágildandi laga um vátryggingasamninga nr. 20/1954 og við túlkun á skilmálanum verði því að líta til fyrningareglu sömu laga við túlkun á umræddum skilmálaákvæði. Þessi regla sé ekki samþýðanleg við reglu sem gerir ráð fyrir að örorkumat skuli undantekningarlaust framkvæma áður en þrjú ár eru liðin og því gildi hún ekki.

V telur að ákvæði í skilmálum um að örorka skuli metin í síðasta lagi þremur árum fyrir slys gildi skv. orðanna hljóðan og vísar þar fyrst og fremst til dóms Hæstaréttar í máli nr. 22/2004 þar sem tekist var á um samskonar ákvæði í skilmálum. Einnig vísar V til þess að lög nr. 20/1954 hafi verið frávikjanleg og fyrningareglur þeirra komi ekki í veg fyrir að samið sé um tilkynningafresti eða önnur svipuð ákvæði og það sem hér reynir á. Ljóst sé að þegar M hafi haft samband við V í febrúar 2009 hafi þriggja ára frestur verið liðinn og M hafi átt þess kost að kynna sér ákvæði skilmála sem giltu um tryggingarnar, enda hafi hann gengið til uppgjors vegna slyssins með fyrirvara haustið 2006.

Álit.

Ágreiningur er um túlkun á ákvæði í vátryggingaskilmálum sem kveður á um að örorku vegna slysa skuli meta í síðasta lagi þremur árum eftir slys. Á sama álitafni reyndi í dómi Hæstaréttar í máli nr. 22/2004. Verður það fordæmi lagt til grundvallar og þar sem tæplega fjögur ár voru liðin frá slysi þegar M hafði samband við V og vildi annað örorkumat telst hann hafa misst rétt til bóta.

Niðurstaða.

Ekki er fyrir hendi greiðsluskylda úr slysátryggingum M hjá V.

Reykjavík 30. mars 2010

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.